



# HÚNAÞING VESTRA

Efst á baugi  
2023



Efst á baugi 2023  
janúar

- Samstarfssamningur við samtökin '78 undirritaður.
- Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands tók til starfa og leysti af hólmi eldri barnaverndarnefndir.
- Uppfærð húsnæðisáætlun Húnaþings vestra samþykkt.
- Lið Óríon bar sigur úr býtum í Stíl, hönnunarkeppni félagsmiðstöðva.
- Vinnufundir með eldri borgum um framtíðarsýn í málefnum sem þau varða.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 4 byggðarráðsfundir.



Frá undirritun samnings við Samtökin '78

**HÚNAÞING  
VESTRA**



[hunathing.is](http://hunathing.is)

# Efst á baugi 2023 febrúar

- Kvenfélagið Björk færði sveitarfélaginu bekk.
- Útboð á ræstingu í hluta af stofnunum sveitarfélagsins auglýst.
- Samið við við félag eldri borgara um að taka að sér að sauma búninga fyrir hátíðarhöld á sumardaginn fyrsta og sjá um hátíðina.
- Starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs auglýst laust til umsóknar.
- Rafrænar undirritanir teknar upp hjá sveitarfélaginu.
- Fundaröð um málefni eldri borgara hefst.
- Sveitarfélagið fékk 15 millj. króna styrk frá innviðaráðuneytinu til framkvæmda við vatnslögn frá Hvammstanga að Laugarbakka.
- Ruði krossinn, fjölskyldusvið Húnaþings vestra, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Þjóðkirkjan tóku höndum saman um vinaverkefni.
- Samþykktur afsláttur af gatna-gerðargjöldum valinna lóða út árið 2022.
- 2 sveitarstjórnarfundir og 3 byggðarráðsfundir.



Félagskonur í Kvenfélaginu Björk við afhendingu bekkjarins

# HÚNAÞING VESTRA

Efst á baugi 2023  
mars

- Útboð á skólaakstri auglýst.
- Útboð á akstri fyrir eldri borgara auglýst.
- Samþykktar reglur um fjallagrasanytjar.
- Kynningarfundur á niðurstöðum valkostagreiningar á legu Holtavörðuheiðarlínu 3.
- Hverfahleðslustöðvar teknar í notkun á Hvammstanga, við Félagsheimilið og Íþróttamiðstöð.
- Kvennafjölmennningarverkefni sveitarfélagsins kynnt.
- Vegagerðin auglýsti útboð framkvæmda við Vatnsnesveg.
- Öldungaráð Skagafjarðar kom í heimsókn.
- Styrktaræfingar fyrir eldri borgara hófust aftur.
- Auglýst eftir tilboðum í snjómokstur.
- Sigurður Þór Ágústsson ráðinn sviðsstjóri fjölskyldusviðs.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.

# HÚNAÞING VESTRA

Hleðslustöð við Félagsheimilið Hvammstanga



Efst á baugi 2023  
apríl

- Ákveðið af færa nýfæddum börnum í sveitarfélaginu gjöf. Sérmerкта samfellu, bleijur, smekk og fleira gagnlegt.
- Opinn upplýsingafundur um riðusmit í Miðfjarðarhólfi.
- Undirritun samnings um þátttöku í verkefninu Barnvænt sveitarfélag.
- Eydís Bára Jóhannsdóttir ráðin skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra.
- Lokastyrkir til ljósleiðaravæðingar auglýstir.
- Samið við við Diktum ræstingu ehf um ræstingu í stofnunum sveitarfélagsins á grundvelli útboðs.
- Umboðsmaður barna kom í heimsókn í sveitarfélagið.
- Ný menntastefna kynnt.
- Stóri plokkgaturinn.
- Nýtt tengivirki við Hrútatungu tekið í notkun.
- Formaður og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga heimsóttu sveitarstjórn.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.



Gjafir til nýfæddra íbúa

# HÚNAÞING VESTRA

# Efst á baugi 2023 maí

- Samfélagsviðurkenningar 2023 afhentar. Að þessu sinni hlutu Kristín Árnadóttir, Ingibjörg Pálsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir og Greta Clough viðurkenninguna.
- Elíza Reid forsetafrú heimsótti sveitarfélagið og afhenti Eyrarrósina en Handbendi hafði verið handhafi hennar.
- Skýrsla með mati á áhrifum og þörf á endurbyggingu Vatnsnesvegjar kom út. Skýrslan var unnin að frumkvæði sveitarstjórnar af RHA.
- Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir ráðin aðstoðarskólalastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra.
- Ólöf Rún Skúladóttir ráðin verkefnisstjóri umhverfismála.
- Oddviti, formaður byggðarráðs og sveitarstjóri funduðu með innviðaráðherra.
- Lið grunnskólans í Skólahreysti nær góðum árangri.
- Endurnýjaður samningur um aðstöðu fyrir Pílufélagið í Félagsheimilinu Hvammstanga.
- Þrír styrkir veittir til ljósleiðaravæðingar.



Handhafar samfélagsviðurkenninga 2023

# HÚNAÞING VESTRA

## Efst á baugi 2023 maí-framhald

- Ársreikningur ársins 2022 samþykktur.
- Heimasíða sveitarfélagsins gerð aðgengileg á fjölda tungumála með þýðingarvél.
- Fundur um niðurstöður rannsóknarinnar Margur er knár þó hann sé smár þar sem útkoma Húnaþings vestra var afar góð.
- Gengið frá samkomulagi við Sýndarferð ehf. um 360 gráðu ljósmyndun (Street View) til að uppfæra myndefni á Google Maps.
- Oddviti, formaður byggðarráðs og sveitarstjóri funduðu með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.
- Hreinsunar og tiltektaráttak.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 5 byggðarráðsfundir.

# HÚNAÞING VESTRA



Frá fundi með ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála



[hunathing.is](http://hunathing.is)

Efst á baugi 2023  
júní

- Hátíðarfundur sveitarstjórnar í tilefni þess að 25 ár eru liðin frá stofnun sveitarfélagsins. Allir kjörnir fulltrúar og sveitarstjórar frá stofnun voru boðaðir til fundar og heiðraðir með gullmerki. Elín Líndal var heiðruð sérstaklega fyrir lengstu samfelldu setu í sveitarstjórn.
- Samningur um styrk vegna lagningar vatnslagnar frá Hvammstanga að Laugarbakka undirritaður.
- Vinnuskólinn hóf störf og sinnti umhirðu grænna svæða, slætti og fleiru með sóma þar til í ágúst.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.

**HÚNAÞING  
VESTRA**



[hunathing.is](http://hunathing.is)

Undirritun samnings um styrk til vatnslagnar





- Styrkjum úr atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra úthlutað. Styrk hlutu verkefnið um Skógarplöntuframleiðslu á Laugarbakka og Handbendi brúðuleikhús.
- Húnaþing vestra hlaut styrk, kr. 2.1 milljón úr Lóu - nýsköpunarsjóði fyrir landsbyggðina til verkefnisins Efling frumkvöðlastarfsemi í Húnaþingi vestra.
- Ný brunavarnaáætlun tók gildi.
- Sundlaug opnaði á ný eftir umfangsmiklar endurbætur á lagnakerfi.
- Framkvæmdir við Vatnsnesveg frá Kárastöðum að Skarði hófust.
- Vinna við lagningu kaldavatnslagnar frá Hvammstanga að Laugarbakka hófst.
- Húnaþing vestra hlaut styrk að upphæð 700 þús. frá Styrktarsjóði EBÍ til verkefnisins Velkomin í Húnaþing vestra.
- Eldur í Húnaþingi haldinn í 21. sinn.
- 2 byggðarráðsfundir.



Frá lagningu vatnslagnar

**HÚNAÞING  
VESTRA**

# Efst á baugi 2023 ágúst

- Frisbígolfvöllur opnaður í Kirkjuhvammi.
- Tvær frisbígolfkörfur settar upp á Bangsatúni. Körfurnar voru gjöf frá Húnaklúbbum.
- Tilkynnt um opnun mannaðrar lögreglustöðvar á Hvammstanga.
- Ný jafnréttisáætlun samþykkt.
- Umsagnir sveitarfélagsins um þingmál gerðar aðgengilegar á heimasíðu.
- Styrkir veittir úr Húnasjóði, metfjöldi umsókna barst og fengu 15 umsækjendur styrki.
- Auglýst eftir umsóknum um styrki til félags-, menningar- og atvinnumála.
- Ljósmyndasýningin Fl(j)óð sem sett var upp í tengslum við Eld í Húnaþingi stóð út ágúst við mikla lukku.
- Unnið við hellulögn við grunnskóla.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 1 byggðarráðsfundur.



Frisbígolfvöllurinn Kirkjuhvammi

# HÚNAÞING VESTRA

Efst á baugi 2023  
september

- Samtökin Icelandic Roots færðu sveitarfélaginu upplýsingaskilti um ferðir vesturfara frá Borðeyri.
- Valur Freyr Halldórsson hóf störf sem slökkviliðsstjóri Brunavarna Húnaþings vestra.
- Blóðbankinn var með blóðsöfnun á Hvammstanga.
- Umhverfisdagur grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Samtals söfnuðu krakkarnir 50 kg af rusli og settu saman áhersluatriði sín í umhverfismálum sem afhent voru sveitarstjórn.
- Hreyfivika í Húnaþingi vestra. Vönduð og fjölbreytt dagskrá. Yfir 40 viðburðir.
- Umhverfisviðurkenningar fyrir árið 2023 veittar. Viðurkenningu fengu eigendur Lækjarbakka, Tjarnarkots og Mánagötu 8.
- Körfuboltavöllur tekinn í notkun við grunnskólann.
- Starfshópur um fasteignir, jarðir og lundur í eigu sveitarfélagsins skilaði niðurstöðum.
- Starfsfólk grunnskóla á Norðurlandi vestra og Fjallabyggð funduðu á Hvammstanga.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 5 byggðarráðsfundir.

# HÚNAÞING VESTRA

Afhending upplýsingaskiltis á Borðeyri



Efst á baugi 2023  
október

- Húnaþing vestra gerist þátttakandi í verkefninu Gott að eldast.
- Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands fundar á Hvammstanga.
- Þingmenn Norðvesturkjördæmis litu í heimsókn og funduðu með sveitarstjórn.
- Malbikunarframkvæmdir á Hvammstanga.
- Tommabrekka þökulögð.
- Þökulagt við Teigagrund á Laugarbakka.
- 2 sveitarstjórnarfundir og 5 byggðarráðsfundir.



Fundur með þingmönnum

**HÚNAÞING  
VESTRA**



hunathing.is

# Efst á baugi 2023 nóvember

- Fjölsóttur fundur í Félagsheimilinu Hvammstanga um riðumál.
- Velferðarsjóður Húnaþings vestra fær um 850 þús. kr. að gjöf frá Guðmundi Grétari Magnússyni og Marinó Björnssyni. Var fjárhæðin afrakstur minningartónleika um Skúla Einarsson.
- Eldvarnarátak landssambands slökkviliðsmanna með heimsókn til 3. bekkinga til að fræða þau um eldvarnir heimilanna.
- Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ráðherra, háskóla, iðnaðar og nýsköpunar sótti Húnaþing vestra heim.
- Oddviti, formaður byggðarráðs og sveitarstjóri funduðu með formönnum fjárlaganefndar og samgöngunefndar.
- Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun 2025–2027 samþykkt.
- Opið hús vegna áforma um lagningu Holtavörðuheiðarlínu 3.
- Lestrarátak í Húnaþingi vestra.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 2 byggðarráðsfundir.



Ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar í  
heimsókn í KIDKA

# HÚNAÞING VESTRA

Efst á baugi 2023  
desember

- Ólöf Ólafsdóttir á Tannstaðabakka færði Velferðarsjóði Húnaþings vestra höfðinglega gjöf, kr. 650 þúsund. Á síðustu 7 árum hefur Ólöf styrkt sjóðinn um 4 milljónir króna!
- Grjóti hlaðið í grjótvörn við hafnarbraut til að bæta öryggi.
- Fræðsla fyrir eldri borgara um svik á netinu á vegum lögreglunnar.
- Skipan starfshóps um barnvænt- og heilsueflandi sveitarfélag.
- Upplýsingafundur um nýja nálgun við riðuveiki.
- 70 tonna byggðakvóti fellur í hlut sveitarfélagsins.
- USVH fær endurnýjaða viðurkenningu sem fyrirmyndar-hérað ÍSÍ.
- Gamlárshlaup frá Íþróttamiðstöðinni. Öflugir hlaupagarpar hlupu í 12 stiga frosti.
- 2 sveitarstjórnarfundir og 3 byggðarráðsfundir.

# HÚNAÞING VESTRA

Ólöf ásamt stjórn Velferðarsjóðsins

